

**Kennari:**  
Aðalheiður Ósk Tobíasdóttir og  
Lísa Mjöll Ægisdóttir

**Kennslufyrirkomulag:**  
Kennsla inn í bekk, hlustun og leikir

**Tímafjöldi:**  
1 kennslustund

**Bekkur:**  
1. bekkur

## Enska

Tungumál er eitt mikilvægasta tæki mannsins til að orða hugsun sína, afla sér þekkingar og eiga samskipti við aðra. Kunnátta í erlendum tungumálum gegnir mikilvægu hlutverki í vitsmunarþroska nemenda, eykur víðsýni og stuðlar að þroska á öðrum sviðum.

Meginmarkmið náms í erlendum tungumálum í grunnskóla er að nemendur geti notfært sér kunnáttu sína til að afla sér þekkingar, eiga samskipti og geta miðlað upplýsingum um sig og umhverfi sitt.

## Enska

Námsþættir:	Námsefni:	Hæfniviðmið: <i>Að nemandi:</i>	Leiðir:
Hlustun Lestur Talað mál	Námsefni/verkefnablöð frá kennara. Efni á vef. Myndbönd	<ul style="list-style-type: none"><li>- geti kynnt sig</li><li>- þekki algeng dýranöfn</li><li>- þekki heiti litanna</li><li>- þekki heiti helstu ávaxta og grænmetis</li><li>- geti sungið með einföld lög</li><li>- geti talið upp á 10</li><li>- þekki heiti helstu orða tengt hátíðum, t.d. jól og páska</li></ul>	Hlustun Leikir Söngur Áhorf af neti
<b>Námsmat:</b>	Námsframvinda og hæfni nemenda metin jafnóðum.		

## Námsmat

Námsmat Stapaskóla fer fram með leiðsagnar- og símati. Lögð er áhersla á að nemendur séu sífellt að bæta við sig þekkingu og leikni og öðlist þannig ákveðna færni. Tekið er mið af Aðalnámsskrá grunnskóla í öllum greinum. Fyrir lokið verkefni er ekki gefin einkunn heldur er lagt mat á hæfni nemandans og gefið fyrir stöðuna í þeim hæfniviðmiðum sem liggja til grundvallar verkefninu.

Til þess að meta hvert hæfniviðmið fyrir sig er notast við hæfnitákn sem má sjá hér til hliðar.

- **Framúrskarandi:** ef nemandi hefur náð hæfniviðmiði og sýnt getu *umfram* þá hæfni sem viðmiðið setur
- **Hæfni náð:** ef nemandi hefur náð hæfniviðmiði
- **Á góðri leið:** ef nemandi er nálægt því að ná hæfniviðmiði en enn vantar þó aðeins upp á
- **Þarfnast þjálfunar:** ef nemandi þarfnast frekari þjálfunar til að ná hæfniviðmiði
- **Lokið:** nemandi hefur lokið við verkefni
- **Ólokið:** nemandi hefur ekki lokið við né skilað verkefni
- **Undanþága:** nemendi hefur undanþágu frá verkefni af einhverjum ástæðum

	Framúrskarandi
	Hæfni náð
	Á góðri leið
	Þarfnast þjálfunar
	Lokið
	Ólokið
	Undanþága